

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 2,4% frá 1. ágúst 1985 að telja frá því sem þær voru í júlí 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1985.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 486/1982,
um söluskatt, með síðari breytingum.**

1. gr.

20. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Iðgjöld af seldum líftryggingum, fiskeldistryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flugáhafna, svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningi að kaupa fyrir starfsmenn sína.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. júlí 1985.

Albert Guðmundsson.

Snorri Olsen.